

Maí 2025

Ársskýrsla 2024

Þekkingarsetur Suðurnesja



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA
Suðurnes Science and Learning Center

Efnisyfirlit

1.	Þekkingarsetur Suðurnesja	2
2.	Starfsfólk og stjórn	2
2.1.	Starfsfólk.....	2
2.2.	Stjórn	3
3.	Rannsóknastarf.....	3
3.1.	Náttúrustofa Suðvesturlands.....	4
3.2.	Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum.....	5
3.3.	Rannsóknastöð Þekkingarsetursins.....	5
3.4.	Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins	7
4.	Háskólaþjónusta Þekkingarsetursins	8
4.1.	Háskólakennsla	8
4.2.	Nemendajónusta.....	8
5.	Nýsköpun	9
6.	Önnur verkefni	10
7.	Lokaorð	13

1. Þekkingarsetur Suðurnesja

Þekkingarsetur Suðurnesja var stofnað í apríl 2012 af sveitarfélögunum á Suðurnesjum sem þá voru fimm talsins, Náttúrustofu Suðvesturlands, Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum og Keili. Frá stofnun hefur setrið starfað skv. samningi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú Menningar-, háskóla- og nýsköpunarráðuneytið. Þekkingarsetrið er staðsett í Suðurnesjabæ en starfssvæði þess eru öll Suðurnesin. Setrið er rannsóknastofnun og eru sérsvið þess sjávarlíffræði, eiturefnavistfræði og fuglafræði. Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum eru stoðstofnanir setursins og staðsettar í sama húsnæði, á Garðvegi 1 í Suðurnesjabæ. Þekkingarsetrið býr yfir glæsilegri rannsóknastaðstöðu sem er eftirsótt af erlendum vísindamönnum, gístiaðstöðu fyrir vísindamenn og háskólanema og nýrri námsaðstöðu fyrir háskólanema á svæðinu. Þekkingarsetrið er aðili að Samtökum þekkingarsetra, Reykjanes UNESCO Global Geopark og stofnaðili að Fab Lab Suðurnes.

Tólfti ársfundur Þekkingarseturs Suðurnesja var haldinn 22. maí 2024. Þar var farið yfir starfsemi og ársreikning síðasta árs. Auk þess kynnti Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur og doktorsnemi við Þekkingarsetrið, rannsóknir vegna vindmyllugarða og Daníel G. Hjálmtýsson, verkefnisstjóri í Þekkingarsetrinu, fjallaði um gagnvirka fræðsluleikinn Fróðleiksfúsa sem þróaður var af honum.

Ársfundur Samtaka þekkingarsetra (SPS) var haldinn 27. og 28. ágúst 2024 hjá Þekkingarneti Þingeyinga á Húsavík. Forstöðumaður og verkefnisstjóri Þekkingarsetursins sóttu fundinn sem var bæði gagnlegur og skemmtilegur. Forstöðumaður Þekkingarsetursins situr í stjórn sem stjórnarformaður starfsárið 2024-2025.

2. Starfsfólk og stjórn

2.1. Starfsfólk

Starfsárið 2024 störfuðu alls þrjár starfsmenn hjá Þekkingarsetri Suðurnesja í 2,6 stöðugildum.

- Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður.
- Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur.
- Daníel G. Hjálmtýsson, verkefnisstjóri.

Fyrstu tvo mánuði ársins var forstöðumaður í leyfi og leysti Ægir Karl Ægisson af í fullu starfi.

Hjá Náttúrustofu Suðvesturlands störfuðu fjórir starfsmenn í fjórum stöðugildum fyrri hluta árs en frá og með 1. júní voru þau þrjú þar sem Ólafur Páll Jónsson, jarðfræðingur, lét af störfum í lok maí.

- Dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður.
- Dr. Joana Micael, líffræðingur.
- Sigríður Vala Finnsdóttir, líffræðingur.

Há Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum störfuðu þrír starfsmenn í þremur stöðugildum.

- Dr. Halldór Pálmar Halldórsson, forstöðumaður.
- Hermann Dreki Guls, líffræðingur.
- Sandra Dögg Georgsdóttir, lífefnafræðingur.

2.2. Stjórn

Stjórn Þekkingarsetursins var skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum starfsárið 2024. Stjórn fundaði fimm sinnum á árinu auk ársfundar.

Aðalmenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, formaður stjórnar og fulltrúi Suðurnesjabæjar.
- Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis.
- Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS.
- Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands.

Sú breyting varð á starfsárinu að Berglind Kristjánsdóttir tók við af Nönnu Kristjönu Traustadóttur sem fulltrúi Keilis.

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Einar Jón Pálsson, varafulltrúi Suðurnesjabæjar.
- Gísli Hólmar Jóhannesson, varafulltrúi Keilis.
- Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS.
- Sæunn Stefánsdóttir, varafulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Guðrún Kristín Ragnarsdóttir, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands.

Dr. Rögnvaldur Ólafsson sem setið hafði í stjórn sem varamaður fyrir Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum frá stofnun Þekkingarsetursins, lést á árinu og tók Sæunn Stefánsdóttir sæti hans. Rögnvaldur kom að stofnun setursins, líkt og flestra þekkingarseta á landinu og eiga forsvarsmenn þeirra honum mikið að þakka. Sú breyting varð einnig á starfsárinu að Gísli Hólmar Jóhannesson tók við af Sigrúnu Svöfu Ólafsdóttur sem fulltrúi Keilis.

3. Rannsóknastarf

Mjög víðtækt og fjölbreytt rannsóknastarf er unnið innan veggja Þekkingarsetursins af þeim þremur rannsóknastofnunum sem þar eru. Þeir fjölmörgu erlendu vísindamenn sem heimsækja setrið vinna þar auk þess að ýmsum rannsóknum, sem og bæði innlendir og erlendir háskólanemar. Rannsóknnaaðstaða er fyrsta flokks og rannsóknirnar bæði faglegar og vísindalegar, fyrst og fremst á sviði náttúrufræða og tengdra greina. Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum eru stoðstofnanir setursins. Samstarf á milli stofnananna þriggja er bæði mikið og gott og eru ýmis verkefni þess eðlis að allar koma þær að þeim með einhverjum hætti.

3.1. Náttúrustofa Suðvesturlands

Náttúrustofan heldur úti fjölmörgum rannsóknaverkefnum tengdum framandi sjávarlífverum við Ísland. Forstöðumaður Náttúrustofunnar, Dr. Sindri Gíslason, er fulltrúi Íslands í vinnuhópi á vegum Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES; International Council for the Exploration of the Sea), sem fjallar um flutning og landnám framandi sjávarlífvera um heiminn. Aðildin er mikilvægur hluti alþjóðlegs samstarfs Íslands um málefnið. Vinna Náttúrustofunnar við verkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða var fyrirferðarmikil á árinu líkt og síðustu ár. Náttúrustofan sá um kortlagningu ýmissa jarðminja, gróðurs- og lífbreytileika í fjörum, auk vöktunar á hagamúsum og strand- og vatnafuglum á höfuðborgarsvæðinu. Önnur þjónustuverkefni voru meðal annars vöktun vegna fráveitu HS Orku hf. við Reykjanes,



tegundagreiningar úr botnsýnum fyrir Hval hf. og úttekt á framandi tegundum í Breiðafirði fyrir Breiðafjarðarnefnd. Á stofunni er til viðbótar unnið að ýmsum misstórum langtímaverkefnum, rannsókn- og vöktunarverkefnum árið um kring, eins og vöktun bjargfugla, fiðrilda og skólpmengunar auk þess sem stofan vinnur að samstarfsverkefnum með fjölmörgum innlendum og erlendum rannsóknastofnunum, þar á meðal Þekkingarsetri Suðurnesja og Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum. Þar má til dæmis nefna hið samevrópska verkefni EULVA (European Ulva Taxonomy Initiative) sem Náttúrustofan er þáttakandi í og sá um sýnatökur á Íslandi, en verkefnið miðar að því að gera ítarlegt mat á fjölbreytileika grænþörungna innan *Ulva* ættkvíslarinnar á evrópskan mælikvarða, byggt á erfðafræðilegum gögnum.

3.2. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum



Hjá Rannsóknasetri HÍ fara fram rannsóknir á áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur á norðurslóðum. Áhrif ýmissa efna á skeldýr, krabbadýr og fiska hafa verið rannsökuð með notkun líffræðilegra mælikvarða og notagildi aðferðanna við umhverfsvöktun metin. Rannsóknir á landnámi grjótkrabbans héldu áfram og sömuleiðis árleg mengunaryöktun fyrir Umhverfisstofnun þar sem kræklingi er safnað og hann rannsakaður, en setrið notar krækling reglulega við ýmis vöktunar- og þjónustuverkefni fyrir til dæmis álverin í Hvalfirði og Straumsvík. Rannsóknir á nákuðungi vegna tríbútyltin mengunar úr botnmálningu og athugun á örplasti í lífríki sjávar við Ísland eru verkefni sem Rannsóknasetrið er auk þess að sinna fyrir Umhverfisstofnun. Forstöðumaður setursins, Dr.

Halldór Pálmar Halldórsson og Hermann Dreki Guls sérfræðingur, eru í vinnuhópi á vegum ICES er lýtur að áhrifum mengandi efna á sjávarlífverur og í AMAP vinnuhópi fyrir hönd Umhverfisstofnunar um plasmengun sjávar á norðurslóðum. Þau Hermann Dreki og Sandra Dögg Georgsdóttir, sérfræðingar hjá setrinu sóttu fund ICES vinnuhópsins sem haldinn var í Portúgal í apríl 2024. Sjóferðir rannsóknabátsins Sæmundar fróða RE, sem Rannsóknasetrið hefur umsjón með, voru margar á árinu vegna ýmissa rannsóknaverkefna og kennslu.

3.3. Rannsóknastöð Þekkingarsetursins

Helstu verkefni hjá rannsóknastöð Þekkingarsetursins árið 2024 snéru að fuglarannsóknnum, bæði sem hluti af rannsóknnum í samstarfi við aðra og sem þjónustuverkefni fyrir fyrirtæki á svæðinu. Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur Þekkingarsetursins, hefur komið að rannsóknnum á áhrifum umhverfis og lýðfræði á farhætti tjalda á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi í samstarfi við Þekkingarsetrið, rannsókn á farhættum og líkamsástandi sanderla og annarra vaðfugla á fari um Reykjanes sem Háskólinn í Groningen í Hollandi stýrir í samstarfi við HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetrið og loks vetrarfuglatalningum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands svo eitthvað sé nefnt. Þá voru nokkur þjónustuverkefni unnin, við kornastærðarmælingar og undirbúning vöktunarverkefna.

Sölvi Rúnar vinnur að doktorsverkefni sínu samhliða starfi í Þekkingarsetrinu en rannsókn hans snýr að því að svara brýnum spurningum er varða far, lýðfræði og vernd farfugla. Íslenski tjaldurinn (*Haematopus ostralegus*) er mjög ákjósanlegt viðfangsefni þeirra rannsókna því að stofninn er samsettur af bæði farfuglum og staðfuglum. Einstaklingar sem sýna breytilega farhegðun (greinda með ísótópum og einstaklingsmerkingum) parast gjarnan og eignast unga sem geta hvort heldur orðið staðfuglar eða farfuglar. Þetta er einstakt kerfi sem býður upp á mikla rannsóknamöguleika. Þekking á kerfinu hefur verið byggð upp við Rannsóknasetur HÍ á

Suðurlandi á síðustu árum og hafa Sölvi og Þekkingarsetrið tekið fullan þátt í verkefninu með því að sjá um allar rannsóknir verkefnisins sem snúa að Reykjanesskaga. Mikil sérfræðiþekking hefur skapast í fuglafræðirannsóknum á Suðurnesjum og mun doktorsverkefnið styrkja þá þekkingu enn frekar. Tvær ritrýndar greinar birtust á síðasta ári:

Geographical movements, site fidelity and connectivity of killer whales within and outside herring grounds in Icelandic coastal waters. *Marine Biology* 171, 30 (2024). <https://doi.org/10.1007/s00227-023-04345-7>

Synchronous timing of return to breeding sites in a long-distance migratory seabird with ocean-scale variation in migration schedules. *Movement Ecology* 12, 22 (2024). <https://doi.org/10.1186/s40462-024-00459-9>

Til viðbótar var eitt gagnasett birt:

Dusek, R.J., Hall, J.S., Hallgrímsson, G.T., Vignisson, S.R., Ragnarsdóttir, S.B., and Jónsson, J.E., 2024, Dataset: Sero-surveillance for avian influenza exposure in wild birds in Iceland, 2012-2017: U.S. Geological Survey data release, <https://doi.org/10.5066/P18JSXMH>

Ein grein sem Sölvi er meðhöfundur að, hefur fengið samþykki í tímaritinu *Nature* sem er mikið afrek, Global Spore Sampling Project: A global, standardized dataset of airborne fungal DNA. Tvær greinar til viðbótar eru svo í undirbúningi og ritrýningu.

Sölvi Rúnar hefur ásamt Daníel Hjalmtýssyni, verkefnisstjóra, og líffræðingum Náttúrustofunnar og Rannsóknaseturs HÍ, tekið á móti erlendum skólahópum en óvenju margir slíkir heimsóttu Þekkingarsetrið árið 2024. Þeim voru kynntar rannsóknirnar sem unnið er að hjá stofnununum og rannsóknnaðstaðan sýnd, við mjög góðar undirtektir. Sumir þeirra hafa óskað eftir sérsniðnum áherslum fyrir heimsóknirnar sem Sölvi hefur séð um að setja saman í samvinnu við Daníel, en hann sér um skipulagningu heimsókna skólahópa í Þekkingarsetrið.

Í byrjun apríl leiddi Sölvi fuglaskoðun í Kópavogsdalnum í samstarfi við MEKÓ – Menning í Kópavogi.

Í byrjun maí fengum við sérstaklega skemmtilega heimsókn þegar fuglaáhugamaður af svæðinu kom með lunda sem af einhverjum ástæðum gat ekki flogið. Hann dvaldi í setrinu yfir daginn og gisti svo í bílskúrnum hjá Sölva Rúnari. Daginn eftir tók Húsdýragarðurinn við honum þar sem hann náði vonandi heilsu.



Í lok desember birtist viðtal við Sölva Rúnar í Morgunblaðinu vegna mikillar fjölgunar fugla innan bæjarmarka Grindavíkur sem skýrist af því að bærinn hefur að mestu staðið auður í heilt ár. Umfjöllunina má lesa hér:

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2024/12/25/fuglager-i-grindavik-thetta-var-bara-pinu-magnad/>

3.4. Rannsóknaaðstaða Þekkingarsetursins

Stærra blautrými Þekkingarsetursins var notað af fiskeldisfyrirtækinu Benchmark Genetics til ræktunar hrognkelsa og hefur ótímabundinn leigusamningur verið undirritaður. Fyrirtækið byggði fyrir nokkrum árum upp viðbótaraðstöðu í geymslurými Þekkingarsetursins, og bætti við nýrri borholu, sem á vafalaust eftir að koma sér vel við komandi rannsóknir í Þekkingarsetrinu.



Minna blautrými setursins hefur verið lítið notað undanfarið. Það kom sér vel í nóvember 2023 þegar rýma þurfti Grindavíkurbæ vegna jarðhræringa því sæeyru höfðu búsetu í blautrýminu út árið 2024. Loka þurfti húsnæði fyrirtækisins Aurora Abalone sem var með framleiðslu á sæeyrum í Grindavík. Unnið er að uppbyggingu nýrrar aðstöðu fyrirtækisins á Reykjanesi og þangað fóru sæeyrun eftir dvölinu í setrinu. Vonast er til að Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum nýti blautrými Þekkingarsetursins á ný en það er þó óvíst. Nýting Tilraunastöðvarinnar hefur verið mjög takmörkuð síðustu ár og engin árið 2024, en hún tók þátt í uppbyggingu blautrýmanna og hefur forgang að notkun þeirra.

Þekkingarsetrið og stoðstofnanir þess eru aðilar að rannsóknasamtökunum INTERACT (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic). Verkefnið er fjármagnað með styrk úr Horizon 2020 sjóði Evrópusambandsins. INTERACT III hófst í janúar 2020 og átti að standa yfir til ársloka 2023. Vegna Covid og þeirra áhrifa sem stríðið í Úkraínu hafði á verkefnið var sótt um framlengingu sem var samþykkt af Evrópusambandinu. Verkefninu lauk því í lok árs 2024 en ein viðbótarúthlutun styrkja fór fram í byrjun ársins. Vísindamenn geta sótt um styrki til að vinna Transnational Access (TA) eða Remote Access (RA) verkefni, hjá þeim rannsóknastöðvum sem eiga aðild að INTERACT. Sölvi Rúnar Vignisson tók að sér hlutverk í matsnefnd INTERACT vegna þeirrar úthlutunar og sótti fund matsnefndarinnar í febrúar en hann var haldinn í Kaupmannahöfn. Þekkingarsetrið var búið að fullnýta þá daga sem því hafði verið úthlutað vegna INTERACT verkefna en fékk 56 daga til viðbótar til að nýta sumarið 2024. Nokkrar styrkumsóknir bárust og voru þrjár þeirra samþykktar af matsnefnd INTERACT. Vegna takmarkaðs fjölda daga var því miður einungis hægt að taka á móti tveimur verkefnanna sem bæði voru Transnational Access verkefni sem þýðir að vísindamennirnir koma sjálfir á staðinn til að vinna þau. Annað þeirra fól í sér tvær heimsóknir þriggja vísindamanna, í apríl og október, en hitt eina heimsókn þriggja vísindamanna í lok ágúst. Síðasti ársfundur INTERACT samtakanna var haldinn á Skáni í Svíþjóð í nóvember og sótti forstöðumaður Þekkingarsetursins fundinn.

Ársfundur INPA (INTERACT Non-Profit Association), sem setrið er aðili að, var haldinn í lok maí og sat Sölvi Rúnar fundinn í fjarfundi fyrir hönd Þekkingarsetursins. Stefnt er að því að samtökin taki við því frábæra starfi og tengslaneti sem byggt hefur verið upp innan INTERACT þegar því verkefni lýkur formlega. Nú þegar er eitt verkefni byrjað sem aðilar að INPA fengu tækifæri til að taka þátt í, og er Þekkingarsetrið ein þeirra rannsóknastöðva sem verða með í verkefninu. Það kallast POLARIN og svipar til INTERACT en þó á mun víðara sviði. Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn í Bremerhaven í Þýskalandi í apríl og sótti Sölvi Rúnar fundinn fyrir hönd setursins. Fyrsta styrkúthlutun vegna TA og RA verkefna hjá POLARIN var opnuð veturinn 2024 og verður svo árlega líkt og hjá INTERACT þar til verkefninu lýkur. Vonandi á það eftir að skila einhverjum hópum vísindamanna til Þekkingarsetursins.

4. Háskólaþjónusta Þekkingarsetursins

4.1. Háskólakennsla

Starfsmenn Þekkingarsetursins, Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og Náttúrustofu Suðvesturlands, ýmist forstöðumenn eða sérfræðingar, komu að kennslu í nokkrum af námskeiðunum innan líffræðideildar Háskóla Íslands árið 2024. Þau voru sum kennd hjá HÍ en önnur í Þekkingarsetri Suðurnesja og að hluta eða öllu leyti af:

- Dr. Halldóri Pálmari Halldórssyni, forstöðumanni Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum.
- Dr. Sindra Gíslasyni, forstöðumanni Náttúrustofu Suðvesturlands.
- Dr. Joana Micael, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðvesturlands.
- Sölva Rúnari Vignissyni, líffræðingi hjá Þekkingarsetri Suðurnesja.
- Hermanni Dreka Guls, líffræðingi hjá Rannsóknasetri HÍ á Suðurnesjum.

Námskeiðin voru eftirfarandi:

Vor 2024

- Sjávarvistfræði
- Icelandic nature and cultural legacy

Haust 2024

- Lífheimurinn
- Aðferðir fyrir fiski-, sjávar og vatnalíffræðirannsóknir
- Vettvangsnámskeið í vistfræði

Nokkrir kennarar við háskóla hér á landi nýttu sér aðstöðuna í setrinu yfir árið til helgarvinnu.

4.2. Nemendajónusta

Alls unnu fimm BS nemar, meistara- og doktorsnemar í líffræði að rannsóknum sínum í Þekkingarsetrinu á þessu ári og voru viðfangsefni mjög fjölbreytt.

Í byrjun árs var ráðstefnan Gateway to the Arctic haldin í Þekkingarsetrinu. Alfred Wegener Institute í Þýskalandi stóð fyrir viðburðinum sem samanstóð af um 20 háskólanemum og

háskólaprófessorum sem dvöldu í setrinu í fimm daga þar sem mörg mjög áhugaverð erindi voru flutt auk þess sem hópurinn fékk að kynna starfsemi Pekkingarsetursins.

Það var mjög mikið um háskólahópa í gistingu í Pekkingarsetrinu sumarið 2024, til viðbótar við þá vísindamenn sem nýttu aðstöðuna. Hópur bandarískra háskólanema var hér í rúma viku á vegum Wildlands Studies líkt og árið á undan. Þar fyrir utan var gístaðstaðan fullnýtt af hópum háskólanema á vegum bandaríska fyrirtækisins Global Tracks & Adventures. Í hverjum hóp voru á bilinu 10-17 háskólanemar frá Bandaríkjunum, ásamt þremur til fjórum leiðbeinendum. Nemendurnir gista í Pekkingarsetrinu en ferðast víðsvegar um landið. Von er á þeim aftur næsta sumar.

Doktorsnemar og starfsfólk líffræðideildar Háskóla Íslands héldu vinnustofu í Pekkingarsetrinu 15. og 16. nóvember þar sem ýmis áhugaverð meistara- og doktorsverkefni voru kynnt.

Seinni hluta árs dvaldi ítalski doktorsneminn Lorenzo Cozzolino í Pekkingarsetrinu á vegum Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum og vann að rannsóknum sínum á áhrifum örplasts og mengandi efna (PAH efna) á atferli bogkrabba.

5. Nýsköpun

Fab Lab Suðurnes varð loks að veruleika þegar það opnaði glæsilega aðstöðu í Fjölbautaskóla Suðurnesja í lok janúar 2024, um hálfu ári eftir að samstarfssamningur um stofnun þess var undirritaður. Pekkingarsetur Suðurnesja er aðili að Fab Lab Suðurnes og sat forstöðumaður, Hanna María Kristjánsdóttir, í undirbúningshópi þess og undirritaði samning um stofnun Fab Labsins.



Í ágúst sótti Daníel Hjálmtýsson, verkefnisstjóri fræðslu og miðlunar, fræðslufund á vegum Heklungar Atvinnuþróunarfélags um Tækniþróunarsjóð. Í september tók hann svo þátt í viðburði hjá Fab Lab Suðurnes þar sem unnið var að stefnumótun þess. Í október sótti hann kynningu á KLAK hjá Heklungu.

Í lok árs 2023 var sótt um áframhaldandi styrk í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja fyrir nýsköpunarverkefninu Fróðleiksfúsi og fékkst tveggja milljón króna styrkur. Auk þess styrkti Menningarsjóður Suðurnesjabæjar verkefnið um 200.000 kr. í apríl 2024. Styrkirnir voru nýttir til áframhaldandi forritunar, þýðinga, kynningar og markaðssetningar. Fróðleiksfúsi er gagnvirkur fræðslu- og uppgötvunarleikur fyrir börn sem leiðir þau í gegnum náttúrugripasýningu Pekkingarsetursins. Börnin svara spurningum og leysa þrautir í spjaldtölvu ásamt því að fá ýmsan fróðleik um dýrin sem búa í setrinu. Hönnunarfyrirtækið Jökulá sér um að hanna útlit og viðmót Fróðleiksfúsa en Daníel leiðir verkið. Hópur útskriftarnemenda í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík sá um forritun leiksins og var það

lokaverkefni þeirra í náminu. Verkefnið var á miklu flugi á síðasta ári, meðal annars við að þýða textann yfir á pólsku og ensku og bæta þýðingunum inn í leikinn. Við tekur markaðssetning og áframhaldandi forritun. Fróðleiksfúsi var prufukeyrður af nemendum í 2. bekk Sandgerðisskóla í lok janúar. Tókst það mjög vel og voru nemendur ánægðir með leikinn. Hluti þeirra skólahópa sem heimsóttu Þekkingarsetrið sumarið 2024 fengu að kynna Fróðleiksfúsa og var mikil ánægja með það. Þá fékk stjórn Þekkingarsetursins tækifæri til að prófa leikinn á ársfundi setursins sem haldinn var 22. maí og gekk það vel.



6. Önnur verkefni

Í febrúar var Þekkingarsetrið þátttakandi í þemadögum Fjölbrautaskóla Suðurnesja en þá hélt Daníel verkefnisstjóri nokkur fræðsluerindi um starfsemi setursins fyrir nemendur FS. Í mars og apríl kom forstöðumaður setursins að vinnu við yfirfærslu námsbrauta frá Keili yfir í FS sem tengiliður á milli aðila, fyrir hönd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Tvö fræðsluerindi voru haldin í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) á árinu. Í því fyrra kynntu Lúdika arkitektar hampsteypuhús í erindinu BioBuilding – hús og hagar í hampi. Umfjöllunin var mjög áhugaverð og húsfullir í Þekkingarsetrinu. Það seinna var kynning á Alheimi Vísindasetri en því miður voru mjög fáir sem sóttu það.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, fréttamaður á Stöð 2, heimsótti Þekkingarsetrið í lok maí og fékk kynningu á starfsemi þess. Mjög skemmtileg umfjöllun birtist svo um setrið í kvöldfréttatíma Stöðvar 2. Víkurfréttir fjölluðu ítarlega um Fróðleiksfúsa í blaðinu í byrjun apríl og sömuleiðis í sjónvarpsþættinum Suðurnesjamagasín. Starfsfólk Menningar- og viðskiptaráðuneytisins kom í heimsókn í lok maí og fékk kynningu á rannsóknastarfi setursins og sýningum þess.

Þekkingarsetur Suðurnesja veitti einum útskriftarnemanda við Fjölbrautaskóla Suðurnesja og öðrum við Grunnskólann í Sandgerði viðurkenningar fyrir góðan árangur í náttúrufræðigreinum við lok vorannar 2024. Hluti þeir bókina *Íslenskur fuglavísir* að gjöf.



Tæplega 800 nemendur frá 24 leik- og grunnskólum komu í heimsókn í Þekkingarsetrið á árinu. Aðsókn erlendra skólahópa hefur aukist mikið frá síðustu árum sem er mjög ánægjulegt. Nú stendur öllum skólahópum það til boða að fá starfsmann frá Þekkingarsetrinu með í fjöruferðina sem hefur mælst mjög vel fyrir. Þar aðstoðar hann nemendur við að finna lífverur til að taka með í Þekkingarsetrið og fræðir þá um það sem er að sjá. Gagnvirka fræðsluleiknum Fróðleiksfúsa hefur einnig verið bætt við dagskrá skólaheimsóknanna hjá minni hópum, og er það mjög skemmtileg viðbót.

Aðrir innlendir nemendahópar sem komu í heimsókn á árinu voru til dæmis nemendur á Starfsbraut Fjölbautaskólans við Ármúla og leikskólasmiðja MSS. Þá komu kennarar við Njarðvíkurskóla í kynningu í

Þekkingarsetrið við upphaf haustannar.

Sýningar Þekkingarsetursins voru opnar almenningi allt sumarið líkt og síðustu ár og heimsóttu rúmlega 1.500 manns setrið. Aron Rúnar Hill Ævarsson, framhaldsskólanemi, starfaði við gestamóttöku á sýningunum.

Um miðjan ágúst var Þekkingarþing Suðurnesja haldið í fyrsta skipti af Þekkingarsetrinu, í samstarfi við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Sótt var um styrk í Samfélagssjóð HS Orku og var verkefnið styrkt um 200.000 kr. Þekkingarþing Suðurnesja er skapandi og eflandi vettvangur sem settur var upp fyrir og að ósk kennara í landshlutanum sem leggja áherslu á náttúrugreinar í sinni kennslu. Kennurum frá öllum sveitarfélögum Suðurnesja var boðið í Þekkingarsetrið, þar sem fram fóru málstofur, vinnustofur, erindi og fleira sem geta aukið samstarf, samhug og samtál á milli kennara á svæðinu. Markmið þingsins var að tengja einstaklinga innan fræðslumhverfisins og styrkja netverkið. Út frá sterku netverki er hægt að stuðla að öflugri fræðslu og kennslu á svæðinu sem er sífellt í þróun, endurskoðun, endurgjöf og vexti. Alls sóttu 17 náttúrufræðikennarar Þekkingarþingið sem mikil ánægja var með.

Um miðjan september og í byrjun október heimsótti Daníel Hjálmtýsson, verkefnisstjóri, Stapaskóla að þeirra ósk og hélt erindið Vistkerfin og við fyrir tvo 10. bekki við góðar undirtektir.

Þekkingarsetrið tók haustið 2015 að sér Sóknaráætlunarverkefni tengdu menntun fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) og hefur síðan þá séð um skipulagningu og framkvæmd starfsgreinakynningar fyrir nemendur í 8. og 10. bekkjum á Suðurnesjum, sem SSS stendur fyrir. Kynningarnar hafa vaxið og dafnað ár frá ári með fleiri þátttakendum og starfsgreinum. Kynningin var haldin í lok september og voru rúmlega 110 ólíkar starfsgreinar kynntar þar. Ríflega 900 nemendur sóttu kynninguna. Til viðbótar við grunnskólanemendurna komu nemendur frá Fjölbautaskóla Suðurnesja og MSS á kynninguna. Mikill stuðningur hefur komið frá atvinnulífinu, bæði litlum og stórum fyrirtækjum hér á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu, þegar kemur að skipulagningu kynningarinnar og boð um þátttöku í

henni. Glæsileg umfjöllun um starfsgreinakynninguna birtist á vef Vísirfréttanna og í sjónvarpi Vísirfréttanna:

<https://www.youtube.com/watch?v=DDM5vj1uYI8>

Safnahelgi var haldin á Suðurnesjum dagana 26. og 27. október og voru sýningar Þekkingarsetursins opnar þá helgi og aðgangur ókeypis.

Í byrjun ársins hlaut Reykjanes UNESCO Global Geopark hæstu einkunn UNESCO í annarri endurvottun sinni sem jarðvangur. Þekkingarsetur Suðurnesja er aðili að Reykjanes Geopark og tók þátt í ítarlegri úttekt sem gerð var á starfseminni haustið 2023. Í byrjun september sótti Daníel Hjálmtýsson, verkefnisstjóri, fund Jarðvangsins vegna verkefnis sem sett var á laggirnar fyrir UNESCO skóla á Suðurnesjum. Árleg ráðstefna evrópskra jarðvanga, EGN, var haldin í Reykjanesbæ 2.- 4. október og tók Þekkingarsetrið þátt í henni, bæði með viðveru á fyrirlestrum og uppákomum en auk þess tók Daníel á móti hópi ráðstefnugesta sem fóru í fræðsluferð um Reykjanesið og kynntu sér meðal annars starfsemi Þekkingarsetursins.

Þann 23. október var fjölskylduuppákoma haldin í Þekkingarsetrinu í tilefni af Hrekkjavökunni. Þá gafst börnum og foreldrum þeirra kostur á að skera út grasker í setrinu og fönðra hrekkjavökuskreytingar. Húsfyllir var líkt og síðustu ár og mörg hræðileg grasker afrakstur uppákomunnar.



7. Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfsemi Bekkingarseturs Suðurnesja árið 2024. Starfsemin hefur vaxið og dafnað frá stofnun setursins og mun án efa gera það áfram. Verkefnin eru af mjög fjölbreyttu tagi sem gerir starfið áhugavert og skemmtilegt, og samstarfsaðilar eru það sömuleiðis. Með nýjum samningi við Menningar-, háskóla- og nýsköpunarráðuneytið sem undirritaður var í lok árs 2024 skapast nýir og spennandi möguleikar til áframhaldandi þróunar. Nú þegar hefur vinna hafist í tengslum við þær breytingar sem verða til þess að festa starfsemi Bekkingarsetursins enn betur í sessi og auka tengsl þess við nærsamfélagið.

Suðurnesjabær, 28. maí 2025

Hanna María Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Bekkingarseturs Suðurnesja